

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri ÞÝS103 Kennsluáætlun haustannar 2014	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Wolfgang Frosti Sahr	Sk.st.	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Byrjunaráfangi. Kynnt verða nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd og þeirra samskipti við Ísland. Skyldleiki þýsku og íslensku er skoðaður t.d. í orðmyndun. Unnið verður með einfalda texta sem tengjast daglegu lífi og störfum nemenda. Lögð verður áhersla á markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforðans. Þau málfræðiatríði sem tengjast myndun einfaldra setninga og spurninga verða kynnt, þar sem þess gefst kostur í tengslum við tjáningaræfingar. Þar sem seinni áfangar byggja á þessum grunni er mikilvægt að treysta undirstöðurnar með endurteknu námi þar sem mikilvægustu atriðin eru sífellt rifjuð upp. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér virka hlustun, skilji einföldustu fyrirmæli kennarans á þýsku og geti tjáð sig á einfaldan máta bæði munnlega og skriflega.

Markmið: Kennsluefnið samanstendur af almennum orðaforða. Kennslan stefnir að því að gera nemendur sem fyrst sjálfbjarga á þýskri tungu og gefa þeim góðan grunn í þýskri málfræði. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér orðaforða og séu eftir þennan áfanga færir um að þýða stutta lestexta án orðabókar, geti tjáð sig skriflega um eigin hagi og að hafi auk þess náð tökum á notkun ákveðins og óákveðins greinis sem og neitunarorða "nicht" og "kein", persónufornöfnum og eignafornöfnum, sagnbeygingum veikra og nokkurra sterkra sagna í nútíð, fallstjórn sagna: nefnifall, þolfall og nokkrum sögnum sem stýra þágufalli ásamt þremur forsetningum sem stýra tveimur föllum.

Námsgögn:	málfræði	Þýska fyrir þig	Reykjavík	Mál og menning	2001
	lesbók	Þýska fyrir þig 1	Reykjavík	Mál og menning	2001
	vinnubók	Þýska fyrir þig 1	Reykjavík	Mál og menning	2001
	orðabók	Steinar Matthíasson	Reykjavík	IÐNÚ	2004
	ítarefni	Þýs103	Akureyri	skrifstofa VMA	2014

Námsmat og vægi námsþátta:

A ¹	15% Stöðupróf	Tímaverkefni án orðabókar: Þýðing, ritun og málnotkun
	10% Framburðarverkefni	Upplestur texta úr lesbókinni.
	10% Hlustunarpróf	Hlustað á þýskan texta og sp. svarað skriflega.
B	65% Skrifl. lokapróf	(Ólesin) þýðing í samræmi við orðaforða lesbókatekta, (ólesin) ritun í samræmi við ritunaræfingar í ítarefninu. Málnotkun sbr. markmiðslýsingu.
		Ath.: Prófið er tekið án orðabókar.

1 Ath. engin sjúkrapróf eru í þessum námsmatsþáttum. Missi nem. af viðkomandi þætti hækkar vægi lokaprófs sem því nemur.

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri ÞÝS103 Kennsluáætlun haustannar 2014	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

vika	dagsetning	atburðir	yfirferð	námsmat
35	25.8.-29.8.		kaflí 1	
36	1.9.-5.9.		kaflí 1&2	
37	8.9.-12.9.		kaflí 2	
38	15.9.-19.9.		kaflí 2&3	
39	22.9.-26.9.		kaflí 3	
40	29.9.-3.10.		kaflí 3&4	
41	6.10.-10.10.		kaflí 4	
42	13.10.-17.10.		kaflí 4&5	Stöðupróf
43	20.10.-23.10.	24.10. afm. Helga magra	kaflí 5	
44	28.10.-31.10.	27.10. afm. Ketils flatnefs	kaflí 5&6	Framburðarverkefni
45	3.11.-7.11.		kaflí 6	
46	10.11.-14.11.		kaflí 6&7	Hlustun
47	17.11.-21.11.		kaflí 7	
48	24.11.-28.11.		kaflí 7&8	
49	2.12.		kaflí 8	próftími hefst 3.12.

- Réttur áskilinn til breytinga -

Ábending: Mætingarskylda er 80% - lakari mæting jafngildir úrsögn úr áfanganum. Síma-eða tölvunotkun, notkun I-pod eða sambærilegt er ekki heimil í áfanganum. Endurtekin brot á ákvæðum skólareglna og/eða mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

Dagsetning: 20.08.2014

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils